



*Borgarráð*

**Efni: Tillaga að flutningi á halla og afgangi vegna ársins 2018**

Lagt er til að flutningur á halla og afgangi vegna ársins 2018 verði eftirfarandi:

<b>Svið</b>		<b>Tillaga: afgangur (-); halli (+)</b>
Íþrótt- og tómsfundasvið	ÍTR	-11.901
Menningar- og ferðamálasvið	MOF	-8.702
Miðlæg stjórnsýsla	RHS	-53.674
Skóla- og frístundasvið	SFS	-19.922
Umhverfis- og skipulagssvið	USK	-20.431
Velferðarsvið	VEL	-46.744
Sameiginlegur kostnaður	ÖNN	-26.501
<b>Samtals afgangur</b>		<b>-187.875</b>

Tillagan felur í sér ákvörðun um flutning afgangssviða eða eftir atvikum halla fyrir hvert svið og miðlæga stjórnsýslu en gert er ráð fyrir að sviðsstjórnar geri tillögu til borgarstjóra að skiptingu á breyttum fjárheimildum á einstakar rekstrareiningar og kostnaðarstaði. Miðað er við að afgangi verði varið eða halla mætt á árinu 2019 og/eða árinu 2020. Borgarstjóri leggur fram tillögu að breytingum á fjárheimildum vegna ársins 2019 þegar tillögur sviða um skiptingu liggur fyrir.

*Greinargerð:*

Með vísun í gildandi **Reglur um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar hjá Reykjavíkurborg**, dags. 1. desember 2015, er lögð fram tillaga að yfirfærslu fjárheimilda frá árinu 2018, en fyrir liggur uppgjör ársins 2018 sem þýðir að afkoma sviða og rekstrareininga liggur fyrir í samanburði við fjárheimildir.

Meginrökin fyrir því að taka upp regluna um flutning afgangssviða og halla er að skapa hvata til stjórnenda um hagkvæman rekstur og góða stjórnun.

**Aðferðafræðin við mat á flutningi á rekstrarafgangi eða rekstrarhalla í fyrirbyggjandi tillögu er eftirfarandi:**

1. Við matið er miðað við mismun fjárheimilda skv. samþykkttri fjárhagsáætlun (endurskoðuð áætlun) og ráðstöfun fjár.
2. Við matið er tekin saman niðurstaða eftir atvikum fyrir hvert svið, þjónustubátt, stofnun eða skrifstofu, sem má teljast sem sjálfstæð rekstrareining.
3. Almenn er tekið tillit til eftirfarandi atriða:
  - Ef svið/þjónustubáttur/stofnun hefur ekki fengið viðbótarfjármuni til að mæta kostnaðaráhrifum kjarasamninga skal halli sem af því leiðir ekki fluttur á milli ára.
  - Ef svið/þjónustubáttur/stofnun hefur fengið hærri eða lægri fjárheimildir vegna innri leigu en svarar til greiddrar innri leigu sem rekja má til mismunar í verðlagsforsendum fjárhagsáætlunar og raunverulegri verðbólgu ársins, skal ekki færa afgang eða halla af þeim sökum á milli ára.
  - Ef magn veittrar þjónustu er minna en forsendur fjárhagsáætlunar gera ráð fyrir þá skal afgangur sem af því leiðir ekki flytjast á milli ára. Athugið að slíkt mat grundvallast á þekktum forsendum um úthlutun á fjárheimildum.
  - Ef tekjur eru hærri en áætlun gerði ráð fyrir þarf að rökstyðja sérstaklega hvort og þá hvers vegna eigi að flytja þær á milli ára, þ.e. að hvaða marki megi rökstyðja að tekjuaukinn byggist á stjórnun.
  - Ef laun eru undir fjárheimildum þarf að sýna fram á að ekki hafi orðið þjónustuskerðing ef flytja á afgang á milli ára. Sama á við í þeim tilvikum sem útgjöld eru áætluð sem laun en greiðslur eiga sér stað undir öðrum rekstrarkostnaði.
  - Ekki er gert ráð fyrir að afgangur á styrkjalið flytjist milli ára nema að styrkur hafi verið veittur á fjárhagsárinu en ekki hafi komið til útgreiðslu hans af málefnalegum ástæðum.
  - Gert er ráð fyrir að þjónustusamningar við ríkið beri hvorki halla né afgang.
  - Miðlægir pottar/miðlægir liðir bera hvorki halla eða afgang á milli ára.
  - Ekki er gert ráð fyrir að afgangur/halli af tilfærslum á milli sveitarfélaga flytjist á milli ára.
  - Við endanlegt mat á tillögu sviðsstjóra um flutning á afgangi eða halla sviðs/þjónustubáttar/ stofnunar er miðað við að ekki verði flutt meira en sem nemur að hámarki 2% m.v. fjárheimild.
4. Við matið er að auki tekið tillit til eftirfarandi atriða á einstökum sviðum:
  - Íþrótt- og tómstundasvið:
    - Frávika vegna frístundakorts
    - Frávika vegna skíðasvæðanna
  - Menningar- og ferðamálasvið:
    - Frávika hjá Leikfélagi Reykjavíkur
  - Skóla- og frístundasvið:
    - Frávika vegna sérkennslu eða stuðnings við nemendur sem veittur er af stofnun skv. reglum.

- Frávika vegna langtímaveikinda.
- Frávika vegna lausnarlauna
- Frávika vegna orkukostnaðar.
- Frávika vegna afskrifta s.s. mataráskriftir og vistunargjöld.
- Frávika vegna ræstinga.
- Frávika vegna sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla og dagforeldra.
- Umhverfis- og skipulagssvið:
  - Frávika hjá skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, einkum vegna Bílastæðasjóðs.
  - Frávika vegna sorphirðu
  - Frávika vegna vinnuskóla, garða og umhverfis.
  - Frávika vegna viðhalds fasteigna og gatna.
  - Frávika vegna vetrarþjónustu í samgöngukerfi.
- Velferðarsvið:
  - Frávika hjá Barnavernd Reykjavíkur.
  - Frávika vegna málaflokks fatlaðs fólks.
  - Frávika vegna annarra úrræða fyrir utan félagsstarf sem ber afgang eða halla.
- Miðlæg stjórnsýsla:
  - Frávika í meðferð borgarmála

Dagur B. Eggertsson

## Fylgiskjal:

Útdráttur úr *Reglum um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar hjá Reykjavíkurborg* vegna yfirfærslu fjárheimilda á milli ára:

### Kafli 3.4. Færsla fjárheimilda á milli ára

- Rekstrarafgangur á sviði/stofnun færist á milli ára ef rekja má hann með skýrum hætti til góðrar fjármálastjórnunar. Með góðri fjármálastjórnun er m.a. átt við árangursríkrar endurskipulagningar á vinnu og verkefnum stofnunar sem leiðir til hagkvæmari reksturs án þess að skerða áformaða þjónustu. Einnig er vísað til hagkvæmari innkaupa sem lækka verð á aðkeyptri vöru og/eða þjónustu án þess að skerða áformaða þjónustu. Hlutaðeigandi stjórnandi þarf að sýna fram á að afgangurinn stafi af góðri fjármálastjórnun. Forsenda færslu afgangss er að stofnun veiti alla áformaða lögbundna þjónustu og vinni samkvæmt þeim þjónustustöðlum sem fylgja ber. Ekki er hins vegar gert ráð fyrir að afgangur sé færður ef hann er rakinn til ytri áhrifa, s.s. stjórnvaldsaðgerða, minni eftirspurnar eftir þjónustu en áætlað var t.d. vegna færri barna sem sækja skóla eða frístundaúrræði en áætlað var, ákvörðun um að hætta við eða fresta þjónustu, manneklu eða þjónustufalls.
- Rekstrarhalli á sviði/stofnun færist milli ára ef hann verður ekki beinlínis rakinn til óhagstæðra ytri áhrifa. Ef árhlutauppgjör stefnir í slíka niðurstöðu ber stjórnanda stofnunar að skila sviðsstjóra tillögum um viðbrögð sem tryggja að starfsemin haldist innan fjárheimilda ársins. Sama regla gildir um sviðsstjóra gagnvart borgarráði varðandi fjárhag sviða. Ef framúrkeyrsla á sér stað tvo samliggjandi ársfjórðunga án þess að aðgerðir skili árangri ber viðkomandi sviðsstjóri ábyrgð á því að greina ástæður þess og eftir atvikum að veittur sé nauðsynlegur stuðningur innan viðkomandi starfsemi eða stofnana til að úr verði bætt. Sviðsstjórar skilgreina verklag í þessu efni. Jafnframt ber að gera borgarráði grein fyrir ástæðunum og þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til með greinargerð. Borgarráð getur fallist á að halli flytjist ekki milli ára ef ytri aðstæður eða sérstök atvik koma til sem borgarráð metur gild. Borgarstjóri getur einnig ákveðið að fjármálaskrifstofa komi að greiningu eða gerð aðgerðaráætlana varðandi fjárhag einstakra sviða eða hluta þeirra gangi áætlanir ekki eftir.
- Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar næsta árs er gert ráð fyrir hefðbundinni afgreiðslu. Þegar uppgjör ársins liggur fyrir verður farið yfir rekstrarniðurstöður í hverri stofnun/sviði miðað við ofangreindar forsendur. Að lokinni þeirri vinnu gerir sviðsstjóri tillögu til borgarstjóra um að breytingar á fjárheimildum, þ.e. færslu afgangss/halla stofnana, ásamt tillögu um ráðstöfun afgangss á hverri stofnun og greinargerð stjórnenda hvernig þeir hyggjast vinna hallann niður.
- Borgarstjóri leggur fyrir borgarráð tillögu um viðauka vegna fjárhagsáætlunar vegna færslu og ráðstöfunar afgangss. Borgarstjóri leggur fyrir borgarráð tillögu um viðauka vegna færslu halla.
- Fjármálaskrifstofa skal gera ráðstafanir í bókhaldi og uppgjörum til að halda sérstaklega utan um ákvarðanir um færslu afgangss eða halla.